

Nr. 17-090 S 067 Baldur**Tók niðri á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 2074
 IMO 9002661
 Útgerð: Landhelgisgæslan
 Smíðaður: Seyðisfirði, ÁL, 1991
 Stærð: 72,56 bt. 51,33 brl.
 Mesta lengd: 21,3 m Skráð lengd: 19,78 m
 Breidd: 5,20 m Dýpt: 2,65 m
 Vél: Caterpillar, 480 kw, 1991.
 Fjöldi skipverja: 4



Baldur@Landhelgisgæslan

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA


Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júní 2017 var eftirlits- og björgunarskipið Baldur við dýptarmælingar á Breiðafirði. Veður: SA 7-8 m/s og ölduhæð 0,5 m. Djúprista: 1,8 m.

Baldur var við mælingar með fjölgeislaum um fjórar sml. norður af Flatey þegar hann tók niðri kl. 17:24 á stað, 65°26.540'N og 022°54.209'V. Við þetta varð stjórnborðsskrúfan óvirk og var skipinu siglt til hafnar í Stykkishólmi á bakborðsvélinni. Þar voru skemmdir kannaðar frekar og skipið síðan tekið í slipp í Njarðvík.



Mynd 1 Rauða merkið sýnir hvar Baldur tók niðri

Leki hafði komið með áspétti á stjórnborðsöxli en það tókst að þétta hann með því að herða á því. Engan annan leka var að finna, engin mengun, stýri virkaði og einnig dýptarmælar.



Mynd 2 Stýri, skrúfa, öxull og upphengja stjórnborðsmegin

Aðrar skemmdir voru m.a. á tveimur blöðum stjórnborðsskrúfu, öxulupphengja stjórnborðsöxuls hafði gengið aftur, stjórnborðsöxull bognaði og uggi neðan í upphengjunni sem gengur í boga undir skrúfuna hafði einnig bognað.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var á stefnu r/v 105° og á 7,6 hnúta ferð þegar það tók niðri;
- að ekki lágu fyrir góðar dýpisupplýsingar né nákvæmar í þeim gagnagrunnum sem til voru um þetta svæði. Samkvæmt óáreiðanlegum dýpisupplýsingum sem áhöfnin hafði átti að vera þarna um 9,8 m dýpi;
- að verið var að dýptarmæla svokallaða öryggislínu þegar skipið tók niðri. Skipverjar höfðu fengið endurvarp frá boða um 20-30° á stjórnborða í um 50-70 m fjarlægð og á 16-19 m dýpi. Þá var dýpið um 35-37 m en í framhaldi reis boðinn mjög bratt upp að sögn skipstjóra;
- að fyrir lágu óljósar upplýsingar um grynningar u.þ.b. 200 m suður af þeim stað sem þær reyndust síðan vera;
- að samkvæmt sjávarfallatöflum var smástreymt, flóð við Flatey kl. 13:46 og fjara kl. 19:59.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.